

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra.

#### 1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra er samþykkt í sveitarstjórn Húnaþings vestra með vísan til samþykktar nr. 159/2000 um söfnun og förgun úrgangsefna í Húnaþingi vestra.

#### 2. gr.

Sorphirðugjald í Húnaþingi vestra fyrir árið 2005 er sem hér segir:

Sorphirðugjald á hvert íbúðarhús í þéttbýli kr. 11.000 á hverja sorptunnu.

Sorpeyðingargjald á íbúðarhús/sumarbústað í dreifbýli kr. 6.000.

Sorphirðu-/sorpeyðingargjald á fyrirtæki; hlutfallslegt, byggt á gjaldskrám fyrir heimilis-sorp miðað við fjölda sorptunna sem fyrirtækið þyrfti á að halda skv. reynslu og mati yfirmanns tæknideildar Húnaþings vestra.

Gjaldskrá þessi sem var samin af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 2. desember 2004, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, sbr. samþykkt heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra 20. desember 2004, öðlast þegar gildi.

*Húnaþingi vestra, 20. janúar 2005.*

**Skúli Þórðarson** sveitarstjóri.